

Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992,
með síðari breytingum (losun fjármagnshafta).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið að nýju eftir 2. umræðu og leggur til nokkrar viðbótarbreytingar á frumvarpinu. Þeim er m.a. ætlað að auka skýrleika laganna og auðvelda þannig beitingu þeirra í framkvæmd. Þá eru lagðar til breytingar á heimildum Seðlabanka Íslands til upplýsingaöflunar á grundvelli laga um gjaldeyrismál auk þess sem lagt er til að Seðlabankanum verði veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fari innlendir lögaðilar ekki að þeirri skyldu að tilkynna um tiltekin gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa.

Í fyrsta lagi er lögð til sú breyting á 6. tölul. a-liðar 1. gr. frumvarpsins að tilvísun til reiðufjárúttektar skv. 4. másl. 2. mgr. 13. gr. c falli brott. Telur nefndin að með því verði gert skýrara að undir töluliðinn falli eingöngu úttektir í reiðufé þegar annar aðilinn er innlendir og hinn erlendur, þ.e. ákvæðið eigi við fjármagnshreyfingar á milli landa.

Í öðru lagi leggur nefndin til að í stað 4. og 5. másl. a-liðar 2. gr. frumvarpsins komi fjórir nýir málsliðir. Breytingunni er ætlað að draga fram með skýrum hætti að kaup á reiðufé og úttektir á reiðufé í erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi teljist ekki fjármagnshreyfing á milli landa nema þegar um er að ræða erlendan viðskiptavin. Jafnframt er breytingunni ætlað að gera skýrt að kaup eða úttekt á reiðufé í erlendum gjaldeyri hjá fjármálafyrirtækjum hér á landi dragist frá heimild (fjárhæðarmarki) skv. 6. tölul. a-liðar 1. gr. frumvarpsins. Breytingunni er einnig ætlað að tryggja að kaup eða úttekt á gjaldeyri til fyrirframgreiðslu og uppgreiðslu lána í erlendum gjaldeyri sem veitt hafa verið af innlendu fjármálafyrirtæki sé aðeins heimil séu skilyrði a–d-liðar 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins uppfyllt.

Í þriðja lagi er lagt til að kveðið sé á um tilkynningarskyldu innlendra aðila vegna gjaldreyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga á milli landa í c-lið 12. gr. frumvarpsins með skýrari hætti í stað þess að kveðið sé á um hana með almennum hætti og hún síðan takmörkuð við ákveðna aðila og viðskipti eins og til stóð að gera með reglum Seðlabankans.

Fyrir nefndinni kom fram að frá setningu fjármagnshafta haustið 2008 hafa innlend fjármálafyrirtæki veitt Seðlabankanum upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa sem þau eiga fyrir eigin hönd eða viðskiptamanna sinna á grundvelli núverandi heimilda Seðlabankans til upplýsingaöflunar. Með breytingunni er lögð til tilkynningarskylda þannig að Seðlabankanum verði tryggðar upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar innlendra lögaðila á milli landa sem ekki eiga sér stað fyrir milligöngu innlendra fjármálafyrirtækja og þ.a.l. torsótt að kalla eftir. Lagt er til að tilkynna beri um öll slík afleiðuviðskipti á milli innlendra og erlendra aðila en að öðru leyti er skyldan bundin við að jafnvirði viðskiptanna sé a.m.k. 100.000.000 kr.

Var nefndinni tjáð að þessi upplýsingaöflun væri nauðsynleg svo að bankinn geti fylgst með hvernig undanþágur frá almennu banni laga um gjaldeyrismál um gjaldeyrisviðskipti

og fjármagnshreyfingar á milli landa verða nýttar. Nefndin áréttar að á grundvelli heimilda bankans til upplýsingaöflunar og tilkynningarskyldu lögaðila, í ákveðnum afmörkuðum tilvikum, verður honum gert betur kleift að meta hvenær tímabært er að hækka fjárhæðarmörk og losa frekar um fjármagnshöft.

Nefndin bendir á að gert er ráð fyrir að Seðlabankinn geti sett reglur um framkvæmd tilkynningarskyldunnar auk þess sem honum verði heimilt að setja reglur sem veita undanþágur frá tilkynningarskyldu. Undanþágur Seðlabankans mundu í öllum tilvikum vera til ívilnunar.

Í fjórða lagi leggur nefndin til að Seðlabanki Íslands geti lagt stjórnvaldssektir á þá innlendu lögaðila sem ekki tilkynna bankanum um tiltekin gjaldeyrisviðskipti og fjármagnshreyfingar á milli landa. Með þessu móti er stuðlað að því að þessir aðilar framfylgi tilkynningarskyldu sinni.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Brynjar Níelsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Líneik Anna Sævarsdóttir og Sigríður Á. Andersen voru einnig fjarverandi en skrifa undir álit þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 4. október 2016.

Frosti Sigurjónsson,
form.

Sigríður Á. Andersen,
frsm.

Willum Þór Þórsson.

Guðmundur Steingrímsson.

Steingrímur J. Sigfússon.

Líneik Anna Sævarsdóttir.

Anna Margrét Guðjónsdóttir.

Óli Björn Kárasón.